# Sparisjóður Suður-Þingeyinga

# Ársreikningur
# 2004

Sparisjóður Suður-Þingeyinga
Kjarna
650 Laugar
Kt. 530990-2149

# Efnisyfirlit


| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn ..... | 3 |
| Áritun endurskoðenda ........................................ | 4 |
| Rekstrarreikningur ............................................ | 5 |
| Efnahagsreikningur ............................................ | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi ........................................ | 8 |
| Skýringar ............................................................ | 9 |

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur sparisjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Hagnaður varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2004 að fjárhæð 38,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 329,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um sparisjóði er 19,8% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verði 10% arður til stofnfjáraðila á árinu 2005 vegna ársins 2004. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5%. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningnum er vísað til ársreikningsins.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 4,5 millj. kr. og skiptist það á 245 aðila.

Á árinu störfuðu 13 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum og námu launagreiðslur samtals 40,6 millj. kr.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og sparisjóðsstjóri staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Laugum, 30. mars 2005.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga

Ari Teitsson
formaður

Sigtryggur Vagnsson

Þórhallur Hermannsson

Dagur Jóhannesson

Björn G. Yngvason

Sparisjóðsstjóri

Margrét Hólm Valsdóttir

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og stofnfjáraðila í Sparisjóði Suður-Þingeyinga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Sparisjóðs Suður-Þingeyinga fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 39. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sparisjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2004, efnahag hans 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 30. mars 2005.

***KPMG Endurskoðun hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2004

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur:** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 18.966.268 | 17.772.806 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 129.471.867 | 126.546.192 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | | 0 | 1.822.208 |
| | 4 | 148.438.135 | 146.141.206 |
| **Vaxtagjöld:** | | | |
| Vaxtagjöld til lánastofnana | | 87.073 | 333.802 |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 60.501.374 | 52.995.892 |
| | 4 | 60.588.447 | 53.329.694 |
| Hreinar vaxtatekjur | | 87.849.688 | 92.811.512 |
| **Aðrar rekstrartekjur:** | | | |
| Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum | 29,30 | 12.675.441 | 4.396.200 |
| Þjónustutekjur | | 37.839.707 | 32.758.751 |
| Þjónustugjöld | | ( 6.061.341) | ( 5.104.733) |
| Gengishagnaður | 14 | 28.764.329 | 2.792.503 |
| Ýmsar rekstrartekjur | | 2.019.200 | 1.998.445 |
| | | 75.237.336 | 36.841.166 |
| Hreinar rekstrartekjur | | 163.087.024 | 129.652.678 |
| **Önnur rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 16,17 | 48.641.815 | 42.275.914 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 49.414.878 | 44.324.458 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 11,31 | 3.567.509 | 2.598.315 |
| | | 101.624.202 | 89.198.687 |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 26 | ( 14.685.617) | ( 19.238.773) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 46.777.205 | 21.215.218 |
| Tekjuskattur | 12 | ( 6.749.656) | ( 4.968.076) |
| Eignarskattur | | ( 1.636.707) | ( 1.559.080) |
| **Hagnaður ársins** | 37 | 38.390.842 | 14.688.062 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir:** | | | |
| Sjóður | | 28.298.058 | 24.529.581 |
| Kröfur á lánastofnanir | 20 | 341.972.796 | 417.370.759 |
| | | 370.270.854 | 441.900.340 |
| **Útlán til viðskiptamanna:** | | | |
| Útlán til viðskiptamanna | | 1.000.685.407 | 929.177.646 |
| Fullnustueignir | | 23.350.000 | 31.082.206 |
| | 21-26 | 1.024.035.407 | 960.259.852 |
| **Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:** | | | |
| Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum | 10,27 | 51.003.101 | 34.115.363 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | 10,28,29 | 238.762.351 | 97.131.479 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | 10,30 | 49.244.570 | 37.379.487 |
| | | 339.010.022 | 168.626.329 |
| **Aðrar eignir:** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 11,31 | 28.799.843 | 29.477.352 |
| Ýmsar eignir | | 110.924 | 165.244 |
| Áfallnar tekjur | | 1.817.169 | 1.871.809 |
| | | 30.727.936 | 31.514.405 |
| **Eignir samtals** | | 1.764.044.219 | 1.602.300.926 |

# 31. desember 2004

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir við lánastofnanir** | | 0 | 2.770.030 |
| **Innlán:** | | | |
| Óbundin innlán | | 889.174.124 | 871.934.288 |
| Bundin innlán | 35 | 493.693.476 | 367.328.808 |
| | | 1.382.867.600 | 1.239.263.096 |
| **Aðrar skuldir:** | | | |
| Ýmsar skuldir | | 15.327.835 | 20.350.627 |
| Áfallin gjöld | | 10.545.558 | 6.768.647 |
| | | 25.873.393 | 27.119.274 |
| **Tekjuskattsskuldbinding** | 36 | 26.339.812 | 21.326.179 |
| **Víkjandi lán** | | 0 | 21.990.653 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Stofnfé | | 4.523.949 | 3.206.905 |
| Varasjóður | | 324.439.465 | 286.624.789 |
| Eigið fé samtals | 37,38 | 328.963.414 | 289.831.694 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 1.764.044.219 | 1.602.300.926 |
| **Utan efnahagsreiknings:** | | | |
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 39 | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2004

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður ársins | 37 | 38.390.842 | 14.688.062 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur og gengismunur | | ( 8.830.149 ) | ( 7.142.974 ) |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 26 | 14.685.617 | 19.238.773 |
| Tekjuskattsskuldbinding, breyting | 36 | 5.013.633 | 4.968.076 |
| Aðrir liðir | | ( 7.847.940 ) | 2.930.491 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 4.742.138 | 2.074.909 |
| Handbært fé frá rekstri | | 46.154.141 | 36.757.337 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Kröfur á lánastofnanir, breyting | | 189.533.610 | ( 13.686.102 ) |
| Útlán, breyting | | ( 57.510.777 ) | ( 54.979.576 ) |
| Fjárfestingarskuldabréf, breyting | | ( 16.887.738 ) | ( 21.611.311 ) |
| Veltuhlutabréf, breyting | | ( 114.726.538 ) | ( 1.713.399 ) |
| Fjárfestingarhlutabréf, breyting | | ( 27.353.971 ) | ( 506.247 ) |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | ( 2.890.000 ) | 0 |
| Ýmsar eignir, breyting | | 54.320 | ( 44.421 ) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 29.781.094 ) | ( 92.541.056 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | ( 2.770.030 ) | ( 6.845.631 ) |
| Innlán, breyting | | 131.484.259 | 61.880.473 |
| Ýmsar skuldir, breyting | | ( 5.933.376 ) | 3.867.958 |
| Innborgað stofnfé | 37 | 1.060.283 | 12.592 |
| Víkjandi lán breyting | | ( 21.990.653 ) | 0 |
| Greiddur arður af stofnfé | 37 | ( 319.405 ) | ( 302.929 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 101.531.078 | 58.612.463 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 117.904.125 | 2.828.744 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 80.574.194 | 77.745.450 |
| **Handbært fé í árslok** | 13 | 198.478.319 | 80.574.194 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

***Grundvöllur reikningsskilanna***

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að veltuverðbréf eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og hann er í íslenskum krónum.

2. Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild sjóðsins í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild í tapi þeirra hærri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema sjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

***Erlendir gjaldmiðlar***

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2004. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags.

***Vaxtatekjur og vaxtagjöld***

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

***Þjónustutekjur***

5. Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikningi sjóðsins þegar þær verða til.

***Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum***

6. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismuni af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

***Útlán***

7. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismuni í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2005 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2004.

8. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi

9. Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði í ársreikningi sparisjóðsins.

***Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum***

10. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði sé það lægra. Skráð veltuhlutabréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok, en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

***Rekstrarfjármunir***

11. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Húseignir | 50 ár |
| Húsbúnaður og bifreiðar | 3-7 ár |

***Tekjuskattsskuldbinding***

12. Tekjuskattsskuldbinding sparisjóðsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs taps. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og í ársreikningi hins vegar.

***Handbært fé***

13. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 198,5 millj. kr. í árslok.

## Aðrar rekstrartekjur

14. Gengishagnaður (gengistap) sundurliðast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | ( 2.452) | 2.172 |
| Veltuverðbréf | 31.216 | 3.626 |
| Niðurfærsla hlutabréfa | 0 | ( 3.005) |
| Samtals | 28.764 | 2.793 |

## Starfsmannamál

15. Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf | 13 | 13 |
| Stöðugildi í árslok | 11 | 11 |

16. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 40.617 | 35.659 |
| Launatengd gjöld | 8.025 | 6.617 |
| Samtals | 48.642 | 42.276 |

17. Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra greinast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Stjórnarformaður | 454 | 401 |
| Aðrir stjórnarmenn | 907 | 802 |
| Sparisjóðsstjóri | 6.847 | 5.318 |
| Samtals | 8.208 | 6.521 |

18. Sparisjóðurinn hefur ekki veitt stjórnarmönnum lán, en lán til atvinnurekstrar stjórnarmanna eru ekki meðtalin.

19. Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 806 | 768 |
| Önnur þjónusta | 674 | 913 |
| Samtals | 1.480 | 1.681 |

## Sjóður og kröfur á lánastofnanir

20. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 170.180 | 56.045 |
| Allt að 3 mánuðir | 150.075 | 340.052 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 234 | 0 |
| Yfir 5 ár | 234 | 0 |
| Bundnar kröfur á Sparisjóðabanka Íslands hf. samkvæmt reglum um bindiskyldu | 21.250 | 21.274 |
| Samtals | 341.973 | 417.371 |

## Útlán til viðskiptamanna

21. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

| | 2004 | 2003 |
|---|---:|---:|
| Yfirdráttarlán | 275.055 | 284.973 |
| Afurða- og rekstrarlán | 0 | 6.238 |
| Víxlar | 15.131 | 15.451 |
| Skuldabréf | 710.499 | 622.516 |
| Samtals | 1.000.685 | 929.178 |

22. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

| | 2004 | 2003 |
|---|---:|---:|
| Bæjar- og sveitarfélög | 0,6% | 1,8% |
| Atvinnugreinar: | | |
| Landbúnaður | 14,1% | 15,8% |
| Sjávarútvegur | 4,9% | 5,2% |
| Verslun | 8,7% | 6,8% |
| Iðnaður og verktakar | 12.5% | 12,9% |
| Þjónusta | 14,0% | 12,1% |
| Einstaklingar | 44,8% | 41,3% |
| Annað | 0,4% | 4,1% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% |

23. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | 2004 | 2003 |
|---|---:|---:|
| Gjaldkræf útlán | 114.607 | 94.859 |
| Allt að 3 mánuðir | 183.772 | 207.547 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 102.045 | 105.584 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 264.809 | 265.445 |
| Yfir 5 ár | 335.452 | 255.743 |
| Samtals | 1.000.685 | 929.178 |

24. Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir vegna fullnustu krafna og eru þær metnar á áætluðu söluverði.

25. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok ársins nemur 52,3 millj. kr. og greinist þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---:|---:|
| Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir | 44.869 | 75.651 |
| Sérstakur afskriftareikningur útlána | ( 33.814) | ( 42.921) |
| Önnur vaxtafryst útlán | 41.200 | 45.111 |
| Óvaxtaberandi útlán samtals | 52.255 | 77.841 |

26. Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

| | Afskriftareikningur Sérstakur | Almennur | 2004 Samtals | 2003 Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun ............. | 42.921 | 26.373 | 69.294 | 60.454 |
| Framlag í afskriftareikning á árinu ................... | 13.883 | 802 | 14.685 | 19.239 |
| Endanlega töpuð útlán ..................................... | ( 22.990 ) | | ( 22.990 ) | ( 10.400 ) |
| Afskriftareikningur útlána í árslok ................... | 33.814 | 27.175 | 60.989 | 69.293 |
| Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum ..................................... | | | 5,61% | 6,7% |

## Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

27. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Veltuskuldabréf: | | |
| Skráð skuldabréf ................................................................................... | 25.955 | 25.955 |
| Fjárfestingarskuldabréf: | | |
| Óskráð skuldabréf ................................................................................ | | 25.048 |
| | | 51.003 |

Af framangreindum bréfum kemur ekkert til greiðslu á næsta ári. Skuldabréfin eru útgefin af opinberum aðilum.

28. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Veltuverðbréf: | | |
| Skráð í Kauphöll Íslands ...................................................................... | 201.437 | 201.437 |
| Fjárfestingarhlutabréf: | | |
| Óskráð hlutabréf .................................................................................... | | 37.325 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samtals.................... | | 238.762 |

29. Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

| | Eignar-hlutur | Arður | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingarfélag Sparisjóðanna hf. Reykjavík | 2,7% | | 20.000 | 20.000 |
| SP-Fjármögnun hf., Reykjavík ................................... | 0,9% | 376 | 3.762 | 5.942 |
| Fasteignafélagið Fosshóll ehf. | 25,0% | | 4.000 | 4.000 |
| Greiðslumiðlun hf., Reykjavík ................................... | 0,4% | 315 | 1.576 | 2.328 |
| Sparisjóður Vestfirðinga, Þingeyri | 1,2% | | 1.967 | 2.000 |
| Intrum á Íslandi ehf., Reykjavík ................................. | 0,3% | 119 | 3 | 1.286 |
| Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf., Reykjavík | 1,1% | | 1.257 | 1.257 |
| Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis, Höfn ............ | 0,6% | | 444 | 380 |
| Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf., Húsavík | 2,2% | | 100 | 100 |
| Smárahúsið ehf., Kópavogi ........................................ | 1,2% | | 30 | 32 |
| | | 810 | | 37.325 |

30. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Eignar-hlutur | Hagnaðar-hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Hlutir í lánastofnunum: | | | | |
| Sparisjóðabanki Íslands hf., Reykjavík ................... | 1,3% | 10.596 | 7.944 | 42.527 |
| Hlutir í öðrum félögum: | | | | |
| Reiknistofa bankanna, Reykjavík ............................ | 1,3% | ( 128) | 2.428 | 3.278 |
| Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópavogi .................. | 1,2% | 1.397 | 1.955 | 3.440 |
| | | 1.269 | | 6.718 |
| Hlutdeildarfélög alls .................................................. | | 11.865 | | 49.245 |

## Aðrar eignir

31. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Húseignir | Húsbúnaður og bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2004 .................................................. | 39.250 | 15.869 | 55.119 |
| Viðbætur á árinu ......................................................... | 0 | 2.890 | 2.890 |
| Niðurlagt á árinu ........................................................ | 0 | ( 6.802) | ( 6.802) |
| Heildarverð 31.12.2004 .............................................. | 39.250 | 11.957 | 51.207 |
| Afskrifað áður ............................................................. | 14.354 | 11.288 | 25.642 |
| Afskrifað á árinu .......................................................... | 785 | 2.782 | 3.567 |
| Niðurlagt á árinu .......................................................... | 0 | ( 6.802) | ( 6.802) |
| Afskrifað samtals 31.12.2004 .................................... | 15.139 | 7.268 | 22.407 |
| Bókfært verð 31.12.2004 ............................................ | 24.111 | 4.689 | 28.800 |
| Afskriftarhlutföll ........................................................ | 2% | 15-33% | |

Fasteignamat húseigna og lóða í árslok nam 20,7 millj. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 67,3 millj. kr. Vátryggingaverð húsbúnaðar var 117,7 millj. kr. í árslok.

## Kröfur á og skuldir við hlutdeildarfélög

32. Kröfur á hlutdeildarfélög námu 338,4 millj. kr. í árslok en skuldir voru engar á sama tíma.

## Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

33. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 670,9 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 391,3 millj. kr.

34. Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 24,7 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 6,8 millj. kr.

## Innlán

35. Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Allt að 3 mánuðir | 221.619 | 162.528 |
| Yfir 3 mánuði og allt að 1 ári | 73.390 | 66.747 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 163.896 | 114.557 |
| Yfir 5 ár | 34.788 | 23.497 |
| Samtals | 493.693 | 367.329 |

## Tekjuskattsskuldbinding

36. Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 21.326 |
| Tekjuskattur ársins | 6.750 |
| Tekjuskattur til greiðslu | ( 1.736) |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 26.340 |

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | |
|---|---|
| Eignarhlutir í félögum | 26.946 |
| Rekstrarfjármunir | ( 606) |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 26.340 |

## Eigið fé

37. Yfirlit um eigið fé:

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2004 | 3.207 | 286.625 | 289.832 |
| Greiddur arður af stofnfé | | (319) | (319) |
| Endurmat stofnfjár | 257 | (257) | 0 |
| Innborgað stofnfé | 1.073 | | 1.073 |
| Innleyst stofnfé | (13) | | (13) |
| Hagnaður ársins | | 38.391 | 38.391 |
| Eigið fé 31.12.2004 | 4.524 | 324.439 | 328.963 |

38. Eigið fé í árslok nemur 329,0millj. kr. eða 18,6% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 19,8%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

| | Bókfærð staða | Vegin staða | |
|---|---|---|---|
| | | 2004 | 2003 |
| Áhættugrunnur: | | | |
| Bókfærðar eignir | 1.764.044 | 1.398.711 | 1.176.545 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | | (59.171) | (28.843) |
| Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings | | 25.209 | 29.387 |
| Áhættugrunnur samtals | | 1.364.749 | 1.177.089 |
| Eigið fé: | | | |
| Eiginfjárþáttur A: | | | |
| Bókfært eigið fé | | 328.963 | 289.832 |
| Eiginfjárþáttur B: | | | |
| Víkjandi lán | | 0 | 8.791 |
| Eignarhlutir í fjármálastofnunum | | 59.171 | (28.843) |
| Eigið fé samtals | | 269.792 | 269.780 |
| Eiginfjárhlutfall | | 19,77% | 22,92% |

## Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

39. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 25.209 | 29.387 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 109.341 | 90.872 |